

Krílakot og Kátakot

Fréttabréf mars 2016



Komið sæl

Febrúar er víst búinn þó ný byrjaður sé en svona er lífsins gangur, eitt tekur við af öðru. Við höfum haft mikið fyrir stafni í báðum leikskólunum Við höldum bolludaginn hátíðlegan, sprengidaginn og svo öskudaginn og gaman að sjá fjölbreytta búninga og allir glaðir og kátir.

Það hefur verið kalt í febrúarmánuði en veður oftast nær milt og gott. Við höfum þá regluna á að ef frost fer yfir 10 gráður förum við ekki með þau yngstu út og við látum ekki börn sofa úti í meira en 5-7 stiga frosti. Þessi viðmið voru gerð í samráði við heilsugæsluna.

Í þessum mánuði eru vetrarleikarnir okkar, þann 9 mars. Upplýsingar um leikana voru sendar í tölvupósti á alla foreldra.

Búningadagur er 23 mars og var hugmyndin að börnin gætu nýtt sér öskudagsbúningana sína aftur :)

Leikskólabyggingin er í fullri vinnslu, útveggir, þak og innveggir klárir að hluta svo nú fer innanhússvinnsla að fara í gang. Það verður gaman að fylgjast með framhaldinu.

Breyting á skóladagatali:

Starfsfólk leikskólanna fer í námsferð í byrjun maí og verður lokað 2, 3 og 4 maí í stað 3, 4 og 6 eins og átti að vera. Þessi breyting var samþykkt í fræðsluráði árið 2015.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldraráð 2015-2016

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)
Karl (Bríet Þóra)
Gísli Rúnar (Alexandra Björk og Rakel Erla)
Sunna (Álfgrímur Bragi)
Helgi (Ingólfur Oddi og Eyrún Hekla)

Uppbyggingarstefnan

Það getur verið gott að átta sig á hver maður er og fyrir hvað maður stendur, það veitir mann ákveðið öryggi. Allir þurfa öruggt skjól til að leita í ef eitthvað bjátar á og þá er mikilvægt að vita hvað veitir manni öryggi, er það heimilið, foreldrar, systkini, amma og afi eða kennarinn í leikskólanum.

Að hafa áhrif

Við höfum mis mikla þörf fyrir að hafa áhrif í lífinu þeir sem hafa ríka þörf fyrir að hafa áhrif vilja standa sig vel, hafa þörf fyrir að vita alveg hvað á að gera áður en það er framkvæmt, hafa ríka þörf fyrir hrós og viðurkenningu, skipulagðir, stundum stjórnsamir, kappsamir, öruggir í fasi og framkomu. Áhrifaþörfin er uppfyllt með góðri frammistöðu og viðurkenningu.

Áhrif



Tilheyra



Öryggi

Frelsi



Gleði



Sumarleyfi 2016

Sumarið 2016 munum við loka Krílakoti í 5 vikur frá 4. júlí og opna aftur þann 10. ágúst. Ástæðan eru framkvæmdir við leikskólann.

Kátakot verður lokað í 4 vikur eða frá 11. júlí og opnar aftur 10. ágúst



Læsi—söguskjóður Ertu búin að lesa eitthvað nýlega ?

Ef þú vilt fá söguskjóðu lánaða heim þá hafðu samband við starfsfólk leikskólanna.



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2015-2016

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)
Stöndum saman að velferð barna okkar